

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 7. maí, kl. 10:00, í Borgartúni 30.

Fulltrúar LSS voru: Hermann Sigurðsson, Sverrir Björn Björnsson og Steinþór Darri Þorsteinsson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Akranes – samningsumboð

Akranesbær hefur ekki veitt Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til kjarasamningsgerðar við LSS. LSS óskar eftir því að fulltrúar sambandsins ræði við Akranesbæ um málið.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS munu ræða við Akranesbæ.

2. Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

Farið yfir reglugerð um starfsemi slökkviliða.

Niðurstaða:

Sameiginlegur skilningur á hvaða þætti þarf að taka fyrir í kjarasamningi.

3. Óreglubundnar vaktir SHS.

LSS kynnti málið.

Niðurstaða:

SNS fer yfir málið.

Fleira ekki gert.